



Skólaráðsfundur 31.janúar 2019

Mættir voru:

Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Anna Birna Gunnlaugsdóttir og Guðmundur Ingvar Jónsson fulltrúar kennara, Andrea Ásgrímsdóttir og Vala Rún Vilhjálmsdóttir fulltrúar foreldra, Jenný Lárusdóttir, fulltrúi grenndarsamfélagsins, Friðrik Árnason fulltrúi starfsmanna í Njarðvíkurskóla, Filoreta Osmani formaður nemendafélags skólans, Börkur Kristinsson varaformaður nemendafélags skólans og Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri (fundarritari).

1. Skólaráð fór inn í tíma hjá nemendaráði til að fá kynningu á störfum nemendaráðs. Ásgerður skólastjóri kynnti nemendaráð og skiptingu milli árganga.
2. Filoreta, formaður nemendaráðs, og Börkur, varaformaður nemendaráðs, kynntu starf nemendaráðs. Fóru yfir þá viðburði sem eru á skólaárinu. Rætt um hlutverk og skipan nemendaráðs og nýjungar hjá þeim. Hugmynd kom fram um að endurvekja ræðukeppnir.
3. Eftir kynninguna fór skólaráð á skrifstofu skólastjóra og hélt áfram fundi.
4. Ásgerður ræddi um breytingar á starfsmannahópnum þar sem einn kennari er að hætta og annar að fara í skert starfshlutfall vegna fæðingarorlofs.
5. Ásgerður kynnti þemadaga í lok febrúar-byrjun mars. Unnið verður með þemað 100 ára afmæli fullveldis. Opið hús fyrir fjölskyldur nemenda á föstudeginum eftir hádegi.
6. Ásgerður kynnti stækkun á Öspinni. Stefnt að því að hafa pláss fyrir 23-24 nemendur í sérdeildinni. Framkvæmdir hefjast fljótlega og stefnt er að því að þeim verði lokið fyrir skólasetningu haust 2019.
7. Ásgerður fór yfir efni næsta fundar sem verður fimmtudaginn 14. febrúar. Þar verður farið yfir skóladagatal næsta skólaárs. Ásgerður fór yfir helst þætti skóladagatalsins.

Fundaritari: Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri